



Mennta- og barnamálaráðuneyti  
Borgartún 33, 105 Reykjavík  
mnr@mnr.is

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 8. ágúst 2025

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (snjalltæki), mál nr. S-126/2025**

Samtök iðnaðarins („SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar áform um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, mál nr. S-126/2025 þar sem lagt er til að settar verði samræmdar reglur um notkun snjalltækja í grunnskólum. Samtökin fagna því að stjórnvöld leggi áherslu á bætt námsumhverfi og vellíðan nemenda, en telja að fyrirhuguð lagasetning þurfi að byggjast á skýrri framtíðarsýn um hlutverk stafrænnar tækni í menntun og samfélagi. SI hvetja til þess að stefna í þessum málaflokki byggji á nýtingu tækninnar, fremur en boðum og bönnum sem geta dregið úr möguleikum skóla til að nýta tæknina til nýsköpunar og hæfnipróunar.

Eistland hefur náð athyglisverðum árangri í menntamálum með því að samþætta snjalltæki og gervigreind í skólastarfi. Þar eru farsímar ekki bannaðir í skólum, heldur nýttir sem hluti af kennslu eftir ákvörðun kennara.<sup>1</sup> Þess má geta að Eistland varð hæst allra Evrópulanda í Pisa-könnun 2022 í stærðfræði, náttúrufræði og nýskapandi hugsun<sup>2</sup>. Nemendur fá þar aðgang að gervigreindarreikningum í gegnum svokallaða *AI Leap*-áætlun<sup>3</sup> og þjálfast í sjálfstýrðu námi, stafrænu siðferði og ábyrgri tækninotkun. Í stað boða og banna eru gefnar leiðbeiningar um skynsamlega notkun í yngri bekkjum og kennarar ráða hvort tækin eru nýtt í kennslu. Þetta sýnir að tæknin sjálf er ekki ógn, heldur tæki til framfara, ef rétt er að notkun hennar staðið.

Nýleg rannsókn frá Háskólanum í Birmingham, sem birt var í *The Lancet Regional Health Europe* í febrúar 2025, sýnir að bann við snjallsímanotkun í skólum hafi engin sjálfstæð jákvæð áhrif á námsárangur eða líðan nemenda. Þrátt fyrir að mikil notkun snjalltækja tengist verri svefni, minni hreyfingu og lakari hegðun, reyndist ekki marktækur munur á þessum þáttum milli skóla sem banna síma og þeirra sem gera það ekki.

Rannsóknin bendir til þess að boð og bönn ein og sér dugi ekki til að takast á við áhrif snjalltækjanotkunar, heldur þurfi heildstæða stefnu sem taki til bæði skólaumhverfis og tómstunda, og felur í sér fræðslu, foreldrasamstarf, hegðun heima fyrir og ábyrgð samfélagsins í heild.<sup>4</sup>

<sup>1</sup> <https://www.theguardian.com/education/2025/may/26/estonia-phone-bans-in-schools-ai-artificial-intelligence>

<sup>2</sup> [OECD Pisa Results 2022](https://www.oecd.org/pisa/2022/).

<sup>3</sup> *AI Leap* verkefni Eistlands, fjallað um í *The Guardian*, 2023:

<https://www.theguardian.com/technology/2023/oct/16/estonia-schools-ai>

<sup>4</sup> [Lancet Regional Health Europe](https://www.thelancet.com/journal/S0140673625009000), febrúar 2025: University of Birmingham, rannsókn á 1.227 nemendum í 30 skólum.



Samtök iðnaðarins telja eðlilegra að móta leiðbeinandi ramma um notkun snjalltækja í skólastarfi en að setja almennar takmarkanir með lagasetningu. Kennarar þurfa svigrúm og stuðning til að nýta tæknina á markvissan hátt í kennslu t.d. í myndvinnslu, forritun og skapandi verkefnum, sem eflir þá hæfni sem nútímasamfélag og atvinnulíf krefst.

Tæknin getur, með rétttri nálgun, stuðlað að aukinni hæfni, sköpun og betri námsárangri. Í stað lagasetningar um almennt bann ætti löggjafinn að styðja við faglegt og sveigjanlegt umhverfi með áherslu á stafræna umbreytingu skólastarfs með menntatækni. Þannig má tryggja að skólakerfið styðji við þá þekkingu og hæfni sem íslenskt atvinnulíf og iðnaður þarf á að halda í framtíðinni.

Framangreindar ábendingar eru settar fram með fyrirvara um frekari athugasemdir og vonast samtökin til að fá tækifæri til að útskýra framkomin sjónarmið nánar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Hulda B. Kjærnested Baldursdóttir'.

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir  
Sérfræðingur í mennta- og mannauðsmálum  
hjá Samtökum iðnaðarins